

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þingstaðar.

55
29. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 22. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Reyðarvatni að Hofi í nefndum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef atvinnu og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um skiftingu Mosvallahrepps í tvö sveitarfjölög.

56
6. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 3. f. m., hefir borist hingað erindi frá hreppsnefnd Mosvallahrepps, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjölög, ásamt meðmælum sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu með því að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í tvö sveitarfjölög. Hinir nýju hreppar nefnast Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur. Breiðadalsá ræður takmörkum hinna nýju hreppa.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Mosvallahrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Mosvallahrepps komi $\frac{1}{3}$ hluti, en í hlut Flateyrarhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Undanskildir greindri aðalreglu eru þó eftirtaldir sjóðir:

- Gjafasjóður H. Ellefsens frá 1896 verði eign Flateyrarhrepps, undir yfirráðum hreppsnefndarinnar þar.
- Gjafasjóður H. Ellefsens frá 1903 og Gjafasjóður frú Idu Ellefsen verða eign Mosvallahrepps og undir yfirráðum hreppsnefndarinnar þar.
- Um skiftingu Ellistyrktarsjóðsins skal leitað nánari úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.